
Hliðarvegur í Lækjarbotnum

Kópavogsbær

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 17. september 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaðar framkvæmdir við hliðarveg í Lækjarbotnum, Kópavogsbæ, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Kópavogsbæjar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Fyrirhugaðar framkvæmdir við 1200 metra langan hliðarveg í Lækjarbotnum. Vegagerðin, 17 september 2021.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá: Kópavogsbæ dags. 27. október 2021, Minjastofnun Íslands dags. 8. október 2021, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 25. október 2021 og Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis dags. 9. nóvember 2021.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 1. nóvember 2021.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í lagningu 1200 m hliðarvegar á milli núverandi vegar að Waldorfsskóla og vegar um Lækjarbotnaland. Hönnunarhraði vegarins er 50 km/klst. Vegurinn samanstendur af tveimur 3 m breiðum akreinum með 0,5 m breiðum öxlum. Heildarbreidd vegarins í akbrautarhæð er því 7 m. Akreinar og axlir verða klæddar með bundnu slitlagi. Beggja vegna hliðarvegarins er 4 m breitt öryggissvæði þar sem leyfilegur flái skeringa og fyllinga er 1:3.

Samkvæmt greinargerð Vegagerðarinnar er tilgangur framkvæmdarinnar að bæta aðgengi að Waldorfsskólanum og frístundabyggð í Lækjarbotnalandi eftir að umferð verði hleypt á tvöfaldan Suðurlandsveg á milli Hólmsár og Fossvalla. Samfara tvöföldun Suðurlandsvegar verði akstursstefnur aðskildar og tengingum inn á veginn fækkað í þágu umferðaröryggis. Hliðarveginum sé ætlað að tengja Waldorfsskólann og byggðina í Lækjarbotnalandi saman við fyrirhuguð Geirlandsvegamót sem fjallað var um í umhverfismati breikkunar Suðurlandsvegar frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði.



Mynd 1. Fyrirhugaður hliðarvegur í Lækjarbotnum sunnan Suðurlandsvegur.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

Gróður

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að gróðurfar í Lækjarbotnum samanstandi að miklu leyti af skógrækt og alaskalúpínu. Nokkurt graslendi sé að finna við Túnhól og sunnan Tröllabarna, mólendi sé síðan þar á milli. Þá séu hraundryli og klappir á svæðinu að mestu mosavaxin. Allur gróður á vegastæðinu verði fjarlægður og nýttur í yfirborðsfrágang eins og hægt er. Leitast verði við að hlífa skógræktarsvæðinu í Lækjarbotnum eins og mögulegt er en um 4300 m² af trjágróðri komi til með að skerðast vegna vegagerðarinnar.

Í ljósi staðbundinna áhrifa, almennrar útbreiðslu og algengis vistgerða telur Vegagerðin áhrif framkvæmdanna á gróðurfar óveruleg.

Í umsögn Kópavogsbæjar segir að fjarlægja þurfi tæpan hálfan hektara af trjágróðri sem mögulega sé hluti af 24 hektara skógræktarsvæði í Lækjarbotnum, óvíst er þó hvort sá gróður tilheyri hinu eiginlega skógræktarsvæði eða ekki. Með vönduðum frágangi og nýtingu gróðurs í yfirborðsfrágang sem mótvægisáðgerð eru áhrifin ekki talin sérstaklega neikvæð.

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur í sama streng og segir að vistgerðir sem verða fyrir raski, eru vissulega með lágt verndargildi en mikilvægt er að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar, sérstaklega á Botnalæk sem er hverfisverndaður.

Landnotkun og efnispörf

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að heildarefnispörf í hliðarveginn sé metin innan við 20.000 m³. Þar af sé reiknað með að um það bil 14.000 m³ komi úr námum. Efní framkvæmdina verði tekið úr viðurkenndum námum í rekstri sem uppfylla skilyrði laga nr. 60/2013 um



náttúruvernd sem og annarra laga um námuvinnslu. Dæmi um viðurkenndar námur í nágrenni við framkvæmdarsvæðið eru Kambur við Geirland og Lambafell í Prengslum.

Framkvæmdin muni, að mati Vegagerðarinnar, hafa óveruleg áhrif á landnotkun á svæðinu en svæðið er að mestu nýtt sem útivistarsvæði.

Ásýnd og landslag

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á ásýnd Lækjarbotnlandsins neðan Lögbergsbrekkunnar. Ólíkt núverandi malarvegi um Lækjarbotnland verði ný hliðarvegurinn uppbyggður tveggja akreina vegur með klæðningu og tilheyrandi vegfláum og öryggissvæðum. Vegurinn verði því meira áberandi í landinu en núverandi vegur. Á láglandinu neðan Lögbergsbrekkunnar verði umfang hans í algjöru lágmarki enda lítil þörf á fyllingum og nær engar skeringar. Áhrifin á ásýnd svæðisins teljist engu að síður neikvæð. Þó komi áhrif á rykmyndun til með að vera jákvæð þegar umferð í Lækjarbotnum fer í auknu mæli um klæddan veg í stað malarvegjar.

Samkvæmt greinargerð Vegagerðarinnar verði fyllingar og skeringar upp Lögbergsbrekkuna meira áberandi. Sá hluti vegarins þar sem umfang fyllinga og skeringa verði hvað mest, komi fyrst og fremst til með að vera sýnilegur frá Suðurlandsveginum. Í því samhengi telur Vegagerðin að áhrif á ásýnd verði óveruleg enda mjög staðbundin við veg þar sem umferðarhraði er mikill. Þá liggja hliðarvegurinn næst Suðurlandsveginum að miklu leyti við eldri vegi sem dragi einnig úr áhrifum hans á ásýnd svæðisins.

Í umsögn Kópavogsbæjar kemur fram að vegurinn verði óneitanlega nokkuð áberandi frá Suðurlandsvegi upp Lögbergsbrekkuna en þær mótvægisáðgerðir sem framkvæmdaraðili ætlar að viðhafa séu þess eðlis að áhrif á ásýnd eru ekki talin sérstaklega neikvæð heldur óveruleg.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á í umsögn sinni að Suðurlandsvegurinn liggur á Leitahrauni á milli afleggjarans að Waldorfskóla og afleggjarans að Lækjarbotnum og því verða allar framkvæmdir í nútímahrauni, en eftir að komið er niður Lögbergsbrekkuna hefur hraunið runnið yfir votlendi svo þar eru gervigígar og hraundýlin gefa til kynna að þarna hafa verið hraunrásir undir storknuðu yfirborði svo hugsanlega geta verið hraunhellar á svæðinu utan náttúruvættisins, sem þarf að hafa í huga við framkvæmdirnar.

Samgöngur, umferðaröryggi og hljóðvist

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdirnar munu hafa jákvæð áhrif á aðgengi að svæðinu og öryggi vegfarenda í ljósi styttri ferðatíma og minni krókaleiða. Markmið framkvæmdanna við breikkun Suðurlandsvegjarins lúta fyrst og fremst að umferðaröryggi og afkastagetu. Akreinum verður fjölgað, akstursstefnur aðskildar, vegamótum fækkað og þau gerð öruggari.

Framkvæmdaraðili reiknar með því að vegurinn verði mjög fáfarinn (u.þ.b 50 bílar á dag). Þá verður hámarkshraði á veginum tiltölulega lágur (50 km/klst.). Áhrif hliðarvegjarins á hljóðvist í Lækjarbotnum eru því metin óveruleg ef frá er talin hljóðvist á framkvæmdartíma. Með hliðsjón af nálægðinni við umferðarpunga Suðurlandsvegjarins má gera ráð fyrir að hliðarvegurinn hafi engin áhrif á hljóðvist á svæðinu.

Kópavogsbær tekur undir í umsögn sinni að aðgengi að Lækjarbotnum muni batna mjög mikið og aukið umferðaröryggi og stytting aksturs- og ferðatíma verði ávinningur þessarar framkvæmdar.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis kemur fram að gerð hliðarvegjar sé óhjákvæmileg framkvæmd til að tryggja umferðaröryggi í tengslum við breikkun Suðurlandsvegjar. Bæði er varðar umferð frá Waldorfskóla og frá hluta sumarhúsabyggðarinnar í Lækjarbotnum.



Menningarminjar og verndarsvæði

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að í nágrenni fyrirhugaðs tengivegar sé að finna friðlýsta náttúruvættið Tröllabörn auk þess að Túnhól og Botnalækur njóta hverfisverndar. Þá fari nýr vegur um öryggissvæði grunnvatns. Á bæjarstæðinu við Túnhól í Lækjarbotnum séu skráðar ýmsar minjar með lítið eða talsvert varðveislugildi. Til að mynda bæjarrústir, fjárhús, heimagrafreit, traðir og garða. Umhverfis bæjarstæðið liggja síðan túngarður úr grjóti, 0,7-4 m breiður og 0,2-0,4 m hár. Garðurinn hafi talsvert varðveislugildi. Heildarlengd grjótgarðsins er metin um 700 m. Við Tröllabörn séu skráð tvö gerði með lítið varðveislugildi.

Samkvæmt greinargerð Vegagerðarinnar hafi verið leitast við að lágmarka áhrif vegarins á verndarsvæði, fornminjar og önnur mannvirki á svæðinu, en jafnframt tryggja aðgengi að þeirri starfsemi sem þar er að finna. Vegurinn liggja alfarið utan við náttúruvættið Tröllabörn og hafi því engin áhrif á friðlýsta svæðið, né skráðar fornleifar við Tröllabörn. Við Túnhól liggja vegurinn eins nálægt Suðurlandsveginum og framast sé unnt, til þess að halda raski á hverfisverndarsvæðinu og skráðum forminjum í lágmarki. Um 2.700 m² af hverfisverndaða svæðinu við Túnhól fari undir fyrirhugaðan hliðarveg. Að auki einangrist tæplega 1.400 m² verndarsvæðisins utan vegar. Engar forminjanna innan túngarðsins við Túnhól verði fyrir áhrifum af framkvæmdunum en um 70 m af friðaða grjótgarðinum umhverfis Túnhól munu raskast við framkvæmdirnar.

Minjastofnun Íslands bendir á í umsögn sinni að mikilvægt sé að gera verktökum grein fyrir staðsetningu gerðanna við Tröllabörn til að koma í veg fyrir að þau raskist af vangá verktakanna. Einnig bendir stofnunin á að þar sem skerða þurfi um 70 m af austurenda túngarðsins við Túnhól þar sem hann liggur norðan við Túnhól, þurfi að gæta þess að raskinu verði haldið í lágmarki og verði ekki meira en brýna nauðsyn beri til. Þann hluta garðsins sem ekki verður raskað þarf að girða af á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að sá hluti túngarðsins raskist ekki af vangá. Einnig þarf að gæta þess að garðurinn sem liggur samhliða túngarðinum nær Suðurlandsvegi verði girtur af á meðan á framkvæmdinni stendur til að honum verði ekki raskað.

Náttúrufræðistofnun Íslands dregur fram í umsögn sinni að áætluð lega hliðarvegarins sé óþægilega nærri friðlýsta náttúruvættinu Tröllabörnum. Afmörkun friðlýsta svæðisins er afar naum með tilliti til þeirra jarðmyndana sem verið er að vernda. Eðlilegra hefði verið að hafa stærra öryggissvæði t.d. með því að láta það ná lengra til austurs og þá yfir svæði sem áætlaður hliðarvegur á að liggja um. Taka þyrfti tillit til þessa skorts á öryggissvæði kringum friðlýstar minjarnar þegar lagt er mat á áhrif nálægra framkvæmda. Nú þegar liggja vegir alveg að friðaða svæðinu bæði að norðan og austanverðu og með þessum hliðarvegi verða bílvegir allt umhverfis friðaða svæðið, mjög nálægt mörkum þess og í raun innan marks þess sem æskilegt hefði verið að skilgreina sem öryggissvæði fyrir verndun jarðminjanna.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að óhjákvæmilegt sé að ráðast í framkvæmdir á umræddu svæði með hliðsjón af umferðaröryggi og afköstum. Framkvæmdaraðili skoðaði nokkrar undirganga og hliðarvegalausnir og má þar helst nefna þrengd T-vegamót við Waldorfsskóla, mislæg gatnamót og undirgöng við Waldorfsskóla sem og aðrar útfærslur hliðarvega milli núverandi vegar um Lækjarbotnaland og vegarins að Waldorfsskóla. Nærtækast þótti þó þessi útfærsla sem hér er fjallað um m.t.t. kostnaðar, verndarsvæða og annarra mannvirkja á svæðinu. Kostnaður og óvissa við undirgöng þykja útiloka þá lausn með öllu.

Kópavogsbær, Minjastofnun, Náttúrufræðistofnun og Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis álíta að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.



5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Kópavogsbæjar 2012-2024. Í greinargerð með aðalskipulaginu er kveðið á um að vinna skuli deiliskipulag af fyrirhuguðum breytingum á veginum frá Hólmsá að Lögbergsbrekku. Í greinargerðinni kemur jafnframt fram að gert sé ráð fyrir að Lækjarbotnasvæðið verði deiliskipulagt með áherslu á útivist, skógrækt og náttúruvernd. Í ljósi þess að eitt af meginmarkmiðum byggðarstefnu aðalskipulagsins er að styrkja útivist á Lækjarbotnasvæðinu má ætla að veita þurfi aðgengi að svæðinu samfara tvöföldun Suðurlandsvegarins. Deiliskipulagsvinnan er þó ekki hafin hjá Kópavogsbæ.

Kópavogsbær hefur fullyrt að framtíð Waldorfsskólans í Lækjarbotnum verði áfram á þessum stað og góð framtíðartenging við Waldorfsskólann samræmist því markmiðum aðalskipulags Kópavogsbæjar.

Aðalskipulag Kópavogsbæjar er í endurskoðun og er það á lokametrunum. Því má ætla að áður en framkvæmdarleyfi verði veitt muni liggja fyrir staðfest nýtt Aðalskipulag Kópavogs þar sem framtíð framkvæmdarsvæðisins verður betur skilgreint.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Kópavogsbæjar skv. 13. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdin er á fjarsvæði vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið og er starfsleyfisskyld af þeim sökum. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogsbæjar veitir starfsleyfi vegna framkvæmdanna á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða lagningu 1200 m hliðarvegar í Lækjarbotnum Kópavogi, milli núverandi vegar að Waldorfsskóla og vegar um Lækjarbotnaland. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi og mengunar sem varða framkvæmdina sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Auk þess skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar og verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd og vegna fornleifa. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til sérstæðra jarðmyndana og landslagsheilda sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að lokum ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Hér er um að ræða umfangslitlar framkvæmdir við lagningu 1200 m hliðarvegar um Lækjarbotna. Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðar framkvæmdar felist einna helst í áhrifum á friðlýstar jarðminjar og áhrifum á ásýnd svæðisins. Líkt og fram kemur í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur nýr vegur til með að þrengja verulega að Tröllabörnum sem eru friðlýst náttúruvætti. Vegurinn kemur ekki til með að valda beinu raski á hinu friðlýsta svæði en hið friðlýsta svæði er þröngt afmarkað og koma vegir til með að liggja á mörkum svæðisins á alla kanta eftir framkvæmdirnar. Ásýndaráhrifin eru að mestu staðbundin við veg og verður Hliðarvegurinn fyrst



og fremst sýnilegur frá Suðurlandsveginum þar sem umferðarhraðinn er mikill og fólk staldrar almennt ekki lengi við.

Fyrirhugaður vegur kemur til með að liggja um og þvera Botnalæk sem nýtur hverfisverndar ásamt umhverfi og hraunjaðri vestan við lækinn.

Nýr vegur mun valda óafturkræfu raski á fornminjum, nánar tiltekið túngarði sem umlykur aðrar minjar á Túnhól. Minjastofnun leggst ekki gegn því að garðinum verði raskað en fer fram á að þeir hlutar túngarðsins sem ekki þarf að raska verði girtir af á framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun telur að áhrif á fornminjar verði minniháttar en mikilvægt er að framkvæmdaraðili fari eftir kröfum Minjastofnunar um mótvægisáðgerðir og verktilhögun.

Að mati Skipulagsstofnunar er ólíklegt að framkvæmdin hafi áhrif á neysluvatn.

Í kjölfar umsagnar Náttúrufræðistofnunar lagði Vegagerðin fram greinargerð þar sem fjallað er um þá valkosti sem komu til skoðunar í for- og verkhönnunarferli framkvæmdarinnar. Meðal kosta sem þar er fjallað um er 500 m hliðarvegur sem tengir Waldorfskóla við veg um Lækjarbotna. Sú útfærsla hefur þann kost að fara ekki um hverfisverndarsvæði við Túnhól og Botnalæk eða þrengja að Tröllabörnum. Af umfjöllun Vegagerðarinnar má ráða að þeim kosti hafi fyrst og fremst verið hafnað vegna slæmrar tengingar við eitt frístundahús. Skipulagsstofnun bendir á að Kópavogsbær hefur samþykkt nýtt Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040 sem er í staðfestingarferli. Í aðalskipulaginu kemur fram að frístundabyggð sé víkjandi á svæðinu og telur stofnunin því þann kost að tengja Waldorfskóla við veg um Lækjarbotna mun álitlegri en þann kost sem hér er fjallað um með tilliti til nærliggjandi verndarsvæða.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 3. janúar 2022.

Reykjavík, 18. nóvember 2021

Egill Þórarinnsson

Þórdís Stella Erlingsdóttir